



## **Kröfugerð SGS vegna kjarasamninga við SA Lagt fram 28. nóvember 2007**

---

### **1. Samningstíminn**

Samið verði til tveggja ára með skýrum forsenduákvæðum, annars vegar ef markmið um verðbólgu standast ekki og hins vegar ef launaþróun annarra hópa verði marktækt betri verði mögulegt að segja upp launaliðum samningsins miðað við 1. janúar 2009.

### **2. Laun**

#### **2.1. Almenn hækkun launa;**

Laun hækki almennt um 4% 1.1.2008

Laun hækki almennt um 4% 1.1.2009

#### **2.2. Sérstakar hækkunir**

Launataxtar hækki þann 1.1.2008 um kr. 20.000

Launataxtar hækki þann 1. 1.2009 um kr. 15.000

Heimilt að lækka aukagreiðslur utan kjarasamnings á móti hækkun taxta.

#### **2.3. Lágmarks tekjutrygging í dagvinnu**

Lágmarks tekjutrygging í dagvinnu verði 1.1. 2008 kr. 150.000

Lágmarks tekjutrygging í dagvinnu verði 1.1. 2009 kr. 165.000

#### **2.4. Launaþróunartrygging**

Sérstaklega verði hugað að þeim sem setið hafa eftir í launaþróun frá endurskoðun kjarasamninga 2006. Þeir sem fengju hækkun skv. lið 2.2. fá þó ekki hækkun skv. þessu ákvæði.

#### **2.5. Aðgerðir stjórnvalda**

Gert er ráð fyrir aðkomu ríkisvaldsins að kjarasamningunum með aðgerðum í velferðar- og skattamálum í þágu þeirra sem hafa lág laun og miðlungslaun.



### 3. Önnur kjaraatriði

#### 3.1. Gr. 4.1. Aukin orlofsréttindi

Miða við lífaldur við mat á orlofsrétti í stað starfsaldurs hjá fyrirtækjum. Samræma orlofsreglur við ríki og sveitarfélög.

#### 3.2. Gr. 10.3. Framlög atvinnurekenda í Landsmennt

Framlög atvinnurekenda í fræðslusjóðinn Landsmennt verði hækkuð úr 0,15% í 0,20% af heildarlaunum starfsmanna. Samhliða verði sameiginleg krafa SGS og SA um sérstakt dreifbýlisframlag úr ríkis/atvinnuleysistryggingasjóði til Landsmenntar sem samasvari a.m.k 15 milljónum á ári næsta samningstímabil.

#### 3.3. Stytting vinnutímans

Unnið skal að því að stytta heildarvinnutímann. Nauðsyn á bættu gagnasafni frá Hagstofu til að varpa frekari ljósi á þróun og mismunandi vinnutíma í einstökum störfum.

#### 3.4. 8. kafli. Veikinda-, slysa-, lífeyris- og örorkuréttindi.

Bæta þarf veikinda-, slysa-, lífeyris- og örorkuréttindi á almennum markaði. Ákvæði um slysatryggingar verði teknar til heildarendurskoðunar og tryggingaupphæðir verði stórhækkaðar til samræmis við það sem best gerist í samningum hér á landi. Fjölga dögum vegna veikinda barna í 10 daga ár hvert frá fyrsta ári í starfi.

#### 3.5. 12. kafli. Aukin vernd við uppsagnir.

Samið verði um að samþykkt nr. 158 frá Alþjóðavinnuárástofnuninni sem tryggi íslensku launafólki sömu lágmarksréttindi við uppsagnir úr starfi eins og gilda meðal flestra annarra vestrænna þjóða verði innleidd á Íslandi.

Vísað í sameiginlegar kröfur ASÍ í þessu sambandi.

#### 3.6. Að eyða kynbundnum launamun.

- Bókun kjarasamnings um aukna hlutdeild kvenna í störfum frá 1989 verði endurskoðuð.
- Farið verði í markvissa gagnaöflun um kynjabundinn launamun á vinnumarkaði með þátttöku landssambanda og félaga með beina aðild í samvinnu við Samtök atvinnulífsins sem endurtekin verði reglulega, t.d. á 2 ára fresti. Aðgerðir til að leiðrétta launamun verði unnar af aðilum sameiginlega, leiði kannanir í ljós að kynbundinn launamunur sé til staðar.
- Átak verði gert í fræðslumálum á sviði jafnréttismála í samvinnu við SA.
- Unnið að tillögum starfshóps ASÍ sem unnið hefur að gagnaöflun og tillögugerð um aukið vægi jafnréttismála í kjaramálum.  
Vísað í sameiginlegar kröfur ASÍ í þessu sambandi.



### **3.7. Gr. 1.1.4. Laun ungmenna.**

Launaviðmið ungmenna breytist þannig:

Laun 15 ára verði 80% af byrjunarlaunum 18 ára og laun 14 ára 70% af sama stofni.

Launaviðmið 16 og 17 ára verði óbreytt.

### **3.8. Gr. 1.4. Desemberuppbót og orlofsuppbót**

Desember- og orlofsupphæð taki hækkunum miðað við niðurstöður komandi kjarasamninga.

### **3.9. Gr. 1.4.1.2.**

Grein 1.4.1.2. breytist þannig:

„Starfsmaður, sem lætur af störfum á árinu vegna aldurs eða eftir 12 vikna samfelld starf á árinu síðstliðnum *24 mánuðum* hjá sama vinnuveitanda, skal við starfslok fá greidda desemberuppbót.....“

### **3.10.**

#### **23. Kafli. Um vaktmenn**

Inn komi ný grein: 23.9.2.2. Vaktmönnum, sem ráðnir eru til vaktstarfa um borð í skipum á fyrirfram ákveðnum degi/dögum, skal tilkynnt fyrir kl. 12 á hádegi þann dag sem vakt á að hefjast ef vaktin fellur niður. Sé það ekki gert skal viðkomandi vaktmaður fá vaktina greidda þó hún falli niður.

### **3.11.**

#### **Vaktaálög**

Vaktaálag verði að lágmarki **35%** kl. 17:00-24:00 mánudaga til föstudaga og **55%** kl. 00:00-08:00 mánudaga til föstudaga, svo og um helgar.

## **4. Önnur atriði í kjarasamningi**

#### **Fræðslu- og starfsmenntamál**

- Landsmennt sbr. að ofan
- Íslenskunámskeið fyrir útlendinga á vinnutíma.
- Námskeið sbr. Virkjanasamningur 18.2 og 18.3

#### **Önnur mál**

- Evrópumál EWC. Aðkoma stéttarféлага verði skýrari.
- Upplýsingaskylda um starfsemi félaga SA í útlöndum vegna EWC.
- Upplýsingar og samráð - Sett verði inn í kjarasamning skyldur atvinnurekenda til upplýsingagjafar um stöðu og horfur í rekstri fyrirtækjanna.
- Launaleynd verði afnumin.
- Atvinnurekendur greiði fyrir saka og heilbrigðisvottorð.
- Óheimilt er að vísa læknisvottorðum á 3ja aðila.



- Ákvæði Vökuls og ASA felld inn í aðalkjarasamninginn

## 5. Sameiginlegar kröfur með ASÍ

### Sameiginleg mál á vettvangi ASÍ,

- sbr. minnisblað.
- Staða efnahagsmála og forsendur
- Veikinda-, slysa- og örorkubótamál auk slysatrygginga
- Launamunur kynjanna
- Staða trúnaðarmannsins
- Samningur um stórframkvæmdir á Íslandi, ígildi virkjanasamnings

### Sameiginlegar áherslur gagnvart stjórnvöldum

- Áherslur í velferðarmálum
  - Húsnæðismál
  - Málefni barna
  - Lágmarksviðmiðun bótafjárhæða
- Áherslur í skattamálum

## 6. Kröfur sem tengjast starfsgreinasviðum SGS

### Matvælasvið/ 18 kafli. Fiskvinnslufólk

- Ný töfluröðun
- Launatafla. Starfsfólk með langan starfsaldur fái það metið í launatöflu.
- Samræming á reiknitölum samkvæmt bókun aðila.
- Samræming á vaktaálögum í fiskvinnslu og fiskeldi.
- Hækkun dagvinnutryggingar vegna hráefnisskorts í fiskvinnslu.
- Dagvinnutrygging í akkorðsvinnu (flökun, slæging og löndun) verði tryggð líkt og hjá öðru landverkafólki í hráefnisskorti eða við sambærilegar aðstæður.
- Námskeiðsskafli verði uppfærður og starfsmenntun verði aukin.
- Aukin nýliðafræðsla.
- Heildarkjarasamningi landverkafólks í beitingu verði komið á.

### Matvæla- og iðnaðarsvið/Afurðastöðvar og Sauðfjárslátrun



- Vinna við endurskoðun afurðastöðvasamninga og samræma milli landshluta.
- 24. kafli Sauðfjárslátrun – fyrirtækjasamningar, bókun um skipun nefndar, auka vægi starfsmenntunar í sláturhúsum Námskeið iðntæknistofnunar.

### **Iðnaðarsvið**

- Nýr endurskoðaður kafli, 20. kafli um iðnverkafólk, samræmdur öðrum köflum í samningi SGS. Tillaga fylgir.
- Iðnverkafólk raðist ofar í launatöflu, nýtt starfsheiti.

### **Þjónustusvið.**

#### **Kjarasamningur vegna vinnu starfsfólks í veitinga- og gistihúsum og hliðstæðri starfsemi.**

- Kaupliðir aðalkjarasamnings gildi fyrir samninginn.
- Vaktaálag verði 45% kl. 17:00-24:00 mánudaga til föstudaga og 55% kl. 00:00-08:00 mánudaga til föstudaga svo og um helgar.
- Dyraverðir: Áhættuþóknun á skemmtistöðum þar sem vín er haft um hönd. Dyraverðir – tryggingamál séu tryggðir gagnvart þriðja aðila, fastmótaða vinnustöður og áhættumat virkara.
- Launaflokkahækkun fyrir dyraverði sem lokið hafa 18 tíma öryggisnámskeiði lögreglustjóraembætta.
- Barþjónar: Talstöðvar til að kalla til dyraverði. Krafa um að eftir kl. 20:00 verði alltaf að minnsta kosti 2 starfsmenn á stærri vínveitingastöðum.
- Gr. 18.1 umsjónarnefnd starfsmenntunar haldi áfram til að þróa áfram og efla starfsmenntun í greininni
- Nýtt starfsheiti og umbun í launum komi til þeirra sem lokið hafa „Grunnnámi.”
- Gr. 14.5 hljóði svo: Trúnaðarmanni *eða fulltrúa stéttarfélags* skal heimilt að boða til fundar...osfrv.
- Gr.4.1. fella þarf út matartímann á tímabilinu 17:00 til 20:30. Orðalagið er villandi. Sjá grein 4.4. sem ætti að duga.

### **Ræstingar**

- Ræstingar raðist ofar í launatöflu.
- Tímamæld ákvæðisvinna hækki verulega.
- Aðalhreingerning verði greidd með yfirvinnutaxta.
- Grein 10 og gr. 12 í rammasamningi um vinnu við ræstingar komi í 22. kafla.

## Flutninga-, bygginga- og mannvirkjasvið

### Um virkjanasamning:

- Virkjanasamningur gildi út framkvæmdatíma við Kárahnjúkavirkjun.
- Gerður verði sérstakur stórfamkvæmdasamningur á vettvangi ASÍ

### 15.Kafla: Um almenna og sérþjálfaða byggingastarfsmenn

- Færa taxta að greiddum launum .
- Launaflokkar sérhæfðra aðstoðarmanna innan ASÍ verði samræmdir.
- Gr.15.9.2. falli út.

### 16.Kafla: Um bifreiðastjóra og tækjastjórnendur

1. 16.2. laun: Skilgreiningar á Tækjastjórnendum 1 og 2 verði breytt þannig:

**Tækjastjórnandi 1:** Stjórnendur lyftara með allt að ~~10~~ 25 tonna lyftigetunni, m.v. 0,6 m hlasmíðju, sem lokið hafa áskildu grunnskólaskiði skv. reglum nr. 198/1983 um réttindi til að stjórna vinnuvélum. Stjórnendur vörubifreiða að 10 tonnum. ~~10-32 tonn.~~

**Tækjastjórnandi 2:** Stjórnendur vinnuvéla með fyllstu réttindi, mikla starfsreynslu hjá viðkomandi fyrirtæki, við vinnu á stærstu tækjum og/eða hlutdeild í stjórnun. Stjórnendur dráttarbíla. Bifreiðastjórar sem annast fermyngu og affermyngu bifreiða, sem flytja sekkjavöru s.s. fóður, sement, áburð og olíu. Bifreiðastjórar með tengivagna sem annast fermyngu og affermyngu bifreiðar og tengivagns). **Stjórnendur vörubifreiða yfir 10 tonnum.**

2. Færa taxta að greiddum launum.
3. Hækka launataxta sérstaklega til að koma til móts við bílstjóra vegna nýrra reglna um akstur og hvíldartíma.
4. Ábyrgð verði metin til launa.
5. Vaktavinnu neyslulé er 35 mín. krafa er gerð um matartíma.
6. Vinnuveitandi greiði öðukort fyrir bílstjóra og sjái um endurmenntun þeirra.
7. Að bílstjóri sem ekki kemst í heimahöfn fái sérstakt álag ofan á launin
8. Setja fram skýrari ákvæði um laun og aðbúnað bílstjóra á meðan þeir bíða fjarri heimilum sínum.

### Gr. 16.10. Fjöldi starfsmanna – hvíld

Gr. 16.10.3. verði breytt þannig:

Sami vinnuvélastjóri skal ekki vinna lengur en 8 klst. samfleytt (vélartími) á jarðýtum sem vega 27 tonn eða minna (operating weight) við rippun í erfiðri klöpp ( T.d. D7, TD15, KOM65).

Gr. 16.10.5. verði breytt þannig:

Vari sérlega erfið grjótvinnu á ýtum vélum lengur en tvær vikur samfleytt getur stjórnandi vinnuvélar óskað eftir því að verða fluttur tímabundið á annað tæki eða í önnur verkefni.



**Kafli 17.11.** um hópferðabílstjóra um dvalar og fæðiskostnað. Gildi líka um flutningabílstjóra.

**Kafli 8:** Um veikindi og flr.

1. Vantar inn ákvæði sem tekur á með hvaða hætti á að greiða veikindi hjá bílstjórum sem eru ráðnir ár eftir ár í akstur maí – sept.
2. **Mjólkurbílstjórar:** Samningar bílstjóra hjá MS Akureyri verði yfirfarnir. Breyta innröðun í launatöflu um 3 launaflokka. Laugardagar og aðrir frídaga verði greiddir með 55% álagi auk eins frídags. Auka vinnuskylduálagið. Þegar menn eru kallaðir úr fríi fá menn frídag að auki.
3. Leiðréttu laun mjólkurbílstjóra sem fá 2 lfl. lægra en tækjastjóri.
4. Öryggisskór og Öryggisstígvél eftir þörfum.

**17.kafli um:Um hópferða- og sérleyfisbílstjóra.**

Færa taxta að greiddum launum.

**Gr. 17.4. Yfirvinna**

1. Hér gildi sömu reglur og í gr. 2.8. í aðalkjarasamningi fyrir frí í stað yfirvinnu:

þ.e: a) yfirvinnuálag greitt út og þá er ávinnsla tími á móti tíma; eða b) 1,8 klst. í fríi fyrir hverja 1 klst. í yfirvinnu.

**2. Gr. 17.8. Vaktavinna**

Vaktaválag taki eftirfarandi breytingum:

Fari úr 33,3% í 35% á tímabilinu kl. 17:00-24:00 mánudaga til föstudaga

Fari úr 45% í 55% á tímabilinu kl. 00:00-08:00 og laugardaga og sunnudaga.

**3. Gr. 17.9. Skráning vinnutíma**

**4. Gr. 17.9. breytist þannig:**

Vinnutími bifreiðastjóra telst frá því hann mætir í vinnu skv. kvaðningu verkstjóra eða vinnuveitenda og þar til hann hættir vinnu að frádregnu matarhléi á tímabilinu klukkan 12:00 til klukkan 14:00.

~~5.~~ Bifreiðastjórar skrái vinnutíma sinn sjálfir ef óskað er og með þeim hætti er verkstjóri ákveður. Ef bifreiðastjóri dvelst fjarri heimili sínu í ferð, sem tekur tvo daga eða meira skal hann fá greiddar minnst 10 klukkustundir á dag, ~~nema á laugardögum og sunnudögum greiðast minnst 8 klukkustundir.~~

6. Biðtími milli ferða telst til vinnutíma.



### **Bókun um fæðiskostnað breytist þannig:**

Hafi bifreiðarstjóri ekki aðgang að fæði í ferðum skal hann fá greidda fæðispeninga er séu samkvæmt ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar ríkisins.

~~Aðilar eru sammála um að ef fyrirsjáanlegt er að bifreiðastjóri hafi ekki aðgang að fæði í ferðum, þá sé heimilt að semja um beinar greiðslur í stað fæðis. Við ákvörðun upphæðar skal taka mið af ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar ríkisins um fæðiskostnað. Skoðuð verði ábyrgð bílstjóra vegna öryggisbeltanotkunar barna 16 ára og yngri.~~

### **Tryggingamál:**

Skóða þarf tryggingar bílstjóra sbr. bókun um málefni tækjamanna og bifreiðastjóra ( bls .63 í kjarasamningi SGS / SA ) þar sem setja átti á fót umræðuhóp til að ræða bótaskyldu bifreiðastjóra sem vegna tjóns sem þeir valda og fara almennt yfir tryggingamál þeirra.ekki hefur verið unnið í þessum málum eins og til stóð.

**Áskiljum okkur rétt til að koma með frekari kröfur ef ekki næst samkomulag við SA um að gerður verði „stórframkvæmdasamningur.“ Í stað virkjanasamnings kæmu þá inn í þessa kafla þau ákvæði sem tilheyra virkjanasamningi.**